

Áform ríkisins um breytingar á heilbrigðiseftirliti á Íslandi

SPURNINGAR	SVÖR
Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á heilbrigðiseftirliti?	Ríkið áformar að flytja reglubundið heilbrigðiseftirlit frá sveitarfélögum til ríkisstofnana, Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) og Matvælastofnunar (MAST)
Hver leggur fram áform um breytingar heilbrigðiseftirlits?	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Atvinnuvegaráðuneytið
Hvaða málaflokka á að flytja til ríkisins?	Leyfisveitingar og reglubundið eftirlit með fyrirtækjum, sem hægt er að rukka fyrir, en óvissa ríkir um fjölda verkefna á borð við gæludýrahald, umgengni á lóðum, íbúðarhúsnæði, hávaðakvartanir og margt annað sem heilbrigðiseftirlitið hefur fengist við.
Hvers vegna vill ríkið gera breytingar?	Markmið ríkisins eru einföldun eftirlits, aukin samræming og viðbrögð við athugasemdum ESA um matvælaeftirlit
Munu breytinga skila sér í einföldun á eftirliti?	Eftirlit með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum er einfalt í dag, í umsjá eins heilbrigðiseftirlits á hverju landsvæði fyrir sig. Við breytingar færist eftirlitið til tveggja aðskildra ríkisstofnana sem auka mun flækjustig. Margir rekstraraðilar munu fá eftirlit frá tveimur aðilum í stað eins áður.
Hvað með kröfur um aukna samræmingu?	Aukin samræming er nauðsynleg. Hægt er að tryggja hana með því að virkja samræmingarhlutverk ríkisstofnana, sem þegar er skilgreint í lögum. Athugasemdir ESA um aukna samræmingu opinbers eftirlits beinast að yfirstofnunum og ráðneytum sem hafa það verkefni að samræma opinbert eftirlit samkvæmt lögum og reglugerðum. Setja þarf aukin slagkraft í þá vinnu í samræmi við lög og reglugerðir.
Eru breytingarnar nauðsynlegar vegna kröfu ESA, eftirlitsstofnunar Evrópu?	Nei, ábendingar ESA snúa eingöngu að samræmingu og gegnsæi í eftirliti með matvælum á Íslandi, sem eru á ábyrgð ríkisins. Nauðsynlegt er að lagfæra framkvæmd eftirlits í samræmi við kröfur ESA og er það hlutverk yfirstofnanna og atvinnumálaráðuneytis að leggja grunn að slíkum breytingum.
Eru þessar breytingar nauðsynlegar til að ná fram markmiðum ríkisins?	Að mati heilbrigðiseftirlits er hægt að ná fram markmiðum um breytingar á opinberu eftirliti á mun einfaldari og ódýrari máta með sama árangri, með því að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem þegar gilda um samræmingarhlutverk yfirstofnanna og setja fjármagn í þá vinnu í ráðuneytinum.
Hvert er umfang og flækjustig þessara breytinga?	Fyrirhugaðar breytingar eru mjög umfangsmiklar, flóknar og hætta á að þær verði kostnaðarsamar fyrir alla aðila, rekstraraðila, sveitarfélög og ríkisvaldið
Hver er kostnaðurinn við þessar breytingar?	Ekkert formlegt kostnaðarmat eða greining liggur fyrir en ljóst að kostnaður breytinganna mun hlaupa á hundruðum milljóna króna skv. álit styrihóps Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Hver er tímaraminnn?	Breytingarnar eiga að taka gildi þann 1. janúar 2027 sem er mjög skammur tími m.v. umfang og flækjustig, enda er vinna við skipulag nýrra stofnana, samræmingu eftirlits, lagabreytingar og endurskoðun um 300 reglugerða ekki hafið
Hver verða áhrif á rekstraraðila?	Hætta er á að eftirlit og leyfisveitingar verði flóknari þar sem þær verða hjá tveimur stofnunum í stað eins heilbrigðiseftirlits. Líklegt er að kostnaður rekstraraðila verði hærri í samræmi við aukið flækjustig og vegna hærri gjaldskráa ríkisstofnana samanborið við sveitarfélögin

Hver verða áhrif á íbúa?	Þjónusta færist úr nærsamfélaginu og verður í miðstýrðum stofnunar, fjær íbúum, og afgreiðsla kvartana og fyrirspurna því flóknari og tímafrekari
Hver verða áhrif á sveitarfélögin?	Boðleiðir milli heilbrigðiseftirlits og þjónustu sveitarfélaga verða lengri, umsagnir heilbrigðiseftirlits vegna skipulags- og byggingarmála verður fjær sveitarfélögunum og hætta á að staðþekking verði ekki til staðar.
Hver verða áhrif fyrir umhverfið, er einhver áhætta samfylgjandi þessu?	Hætta er á að umfangsmiklar breytingar muni hafa í för með sér þjónusturof og skert eftirlit á meðan á breytingum stendur og á meðan nýtt fyrirkomulag festir sig í sessi. Reynslan sýnir að það gæti tekið allt að 1-2 ár og á þeim tíma verður eftirlit með matvælaöryggi, hollustuháttum og umhverfismengun mjög skert sem getur haft alvarlega áhrif á lýðheilsu
Hver eru áhrifin á starfsfólks heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga í dag?	Starfsfólk heilbrigðiseftirlita upplifir mikla óvissu um stöðu sína enda búið að tilkynna að starf þeirra verði lagt niður um næstu áramót, og engar tryggingar verið gefnar út varðandi áframhaldandi störf eða tilfærslur í starfi. Hætta er á að mikil þekking færist ekki til þeirra ríkisstofnana sem taka eiga yfir þessi verkefni, en heilbrigðisfulltrúar sinna sérhæfðum störfum og eru sífellt í þjálfun, og því hætta á að þekking og reynsla glatist
Hvernig var samráð við sveitarfélög?	Samráð við sveitarfélögin um fyrirhugaðar breytingar var takmarkað og t.d. ekki enn ljóst hvaða verkefni ríkið hyggt skilja eftir hjá sveitarfélögum eða hvernig þau verða fjármögnuð
Hvernig var samráð v. heilbrigðisnefndir sveitarfélaga?	Heilbrigðisnefndir hafa fengið að koma skoðunum sínum á framfæri og áttu fulltrúa í starfshópi á vegum ráðneytanna en fagleg sjónarmið heilbrigðiseftirlits hafa ekki náð eyrum ráðuneytanna
Er vel staðið að þessum áformum?	Þrátt fyrir að ríkið hafi tilkynnt um áform um breytingar fyrir mörgum mánuðum hefur ekkert frumvarp verið lagt fram, kostnaðarmat og áhættugreining liggur ekki fyrir, samráði er ábótavant og mannauðsmál ekki ávörpuð
Hvernig er hugað að starfsfólki?	Ekkert hefur verið gefið út um hvort starfsfólk heilbrigðiseftirlita fái störf í nýjum stofnunum eða mannauðsmál ávörpuð með skýrum hætti.
Hver er afstaða sveitarfélaga?	Afstaða sveitarfélaganna er mjög misjöfn, en mörg þeirra leggjast gegn breytingunum og hafa ályktað gegn áformunum. Önnur telja að með þessu náist sparnaður fyrir sveitarfélagið, þótt ríkið taki þá málaflokka sem hægt er að rukka fyrir en skilji önnur verkefni eftir. Ráðherrar hafa kynnt þetta verkefni sem hagræðingarverkefni, fækkun stofnanna úr 11 í 2 og gefið í skyn að með því skapist tækifæri til sparnaðar. Einhver sveitarfélög eru áhugasöm um breytingar á þeim forsendum, en hætta er á að hið gagnstæða verði niðurstaðan, kostnaður sveitarfélaga aukist og þjónusta við íbúa versni.
Hver er afstaða heilbrigðiseftirlita?	Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa lagt fram skýra afstöðu varðandi þessar fyrirætlanir og lagt áherslu á að efla þurfi samræmingu og gegnsæi í opinberu eftirliti og skynsamlegasta og einfaldasta leiðin til að ná fram þeim markmiðum sé að fylgja núverandi lögum og reglugerðum. Hlutverk yfirstofnanna og ráðuneyta er skýr í lögum og reglugerðum og nauðsynleg að þegar í stað verði hafist handa við að bæta samræmingu með öflugum átaki í gerð leiðbeininga, sameiginlegri gagnavinnslu og öflugum stjórnækjum til að samræma störf heilbrigðiseftirlitsins. Það verkefni sé ærið, svo ekki bætist við heildaruppstokkun á kerfinu með tilheyrandi hættu á spekileka og þjónusturofi gagnvart rekstraraðilum og almenningi. Fyrirhugaðar breytingar eru faglega flóknar og kostnaðarsamar, og ónauðsynlegar til að ná fram markmiðum um einföldun, samningu og betri þjónustu.
Dæmi um áhrif breytinga á eftirliti á rekstraraðila og íbúa	1) Veitingastaðir, gististaðir, sundlaugar, skólar og leikskóla sem í dag fá eftirlit frá einu staðbundnu eftirliti munu við breytingar sæta eftirliti frá tveimur aðskildum, miðlægum stofnunum, frá MAST vegna matvælamála og frá UOS vegna hollustuhátta og mengunarmála, með tilheyrandi kostnaðarauka og flækjustigi. 2) Kvartanir íbúa vegna ónæðis eða hávaða í sínu næsta nágrenni hafa hingað til borist til heilbrigðiseftirlits í þeirra heimabyggð, en munu við breytingar þurfa að fara til miðlægrar stofnunar utan heimabyggðar. Kvartanir vegna hávaða frá kælipressu í litlu sveitarfélagi á landsbyggðinni þyrfti því t.d. að senda til Umhverfis- og orkustofnunar í Reykjavík.